

Fundargerð

2. fundur

Föstudaginn 30. júní 2006 kom byggðarstjórn Langanesbyggðar saman til fundar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn.

Fundur hófst kl. 08:00

Mættir voru Siggeir Stefánsson, Sigurður R. Kristinsson og Þórir Jónsson. Jafnframt sat fundinn Björn Ingimarsson, sveitastjóri, er einnig ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Mál. Vegamál.

Eftirfarandi ályktun samþykkt:

“Vegna fréttu af áformum ríkisstjórnarinnar um frestun vegaframkvæmda, m.a. til þess að slá á þenslu í þjóðfélaginu, mótmælir byggðarráð Langanesbyggðar því harðlega að slíkt verði látið taka til framkvæmda á svæðinu þar sem þensluáhrifa gætir ekki og hefur ekki gætt á undanförunum misserum.

Fjárveitingar hafa verið til staðar á fjárlögum undanfarin ár vegna s.k. Hófaskarðsleiðar þó svo ekki hafi komið til framkvæmda. Nú þegar að loks er komið að því að bjóða út framkvæmdir við þessa sjálfsögðu samgöngubót sem er liður í því að færa vegamál á Norðausturhorni landsins til því sem næst nútímahorf. Þá kys ríkisstjórn landsins að fresta þessum framkvæmdum undir því yfirskyni að þjóðarhag kunni að vera stefnt í voða verði þeim framhaldið.

Hér með er skorað á stjórnvöld að sjá til þess að útboð vegna framangreindrar framkvæmda eigi sér stað án frekari tafa. Sveitarstjóra falið að koma ofnagreindu á framfæri.

2 Mál. Húsnæðismál.

Samþykkt að úthluta íbúðum með eftirfarandi hætti:

Vesturveg 4b verði úthlutað til Árna Davíðs Haraldssonar, Pálmholti 7 verði úthlutað til Guðna Björgólfssonar.

Sveitarstjóra falið að segja upp leigusamningi í Hálsvegi 11 og bjóða leigjanda Pálmholt 11 miðað við flutning um mánaðarmót júlí / ágúst. Gangi framangreint eftir verði Hálsvegi 11 úthlutað til Önnu Hjaltadóttur ella verði henni úthlutað Pálmholti 11.

3. Mál. Starfsmannahald á Bakkafirði.

Sveitarstjóri kynnti stöðu mála á Bakkafirði og var honum falið að vinna áfram að samningum við starfsmenn þar. Sveitarstjóra falið að sjá til þess að skrifstofa sveitarfélagsins á Bakkafirði verði opnuð á ný hið fyrsta.

4. Mál. Félagsmálaráðuneytið. Staðfesting á stjórnsýsluheiti sameinaðs sveitarfélags.

Lögð fram staðfesting Félagsmálaráðuneytisins á að nafn sameinaðs sveitafélags Þórshafnarhrepps og Skeggjastaðahrepps skuli vera Langanesbyggð.

Fleira ekki gert og fundi slitið 09:25